

# NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

---

Sent Umhverfisstofnun

Reykjavík 28. nóvember 2003

2003110017/016-0

SB/hj

Vísað er til bréfs Umhverfisstofnunar frá 13. nóvember 2003 þar sem Náttúrufræðistofnun Íslands er beðin um faglegt álit á því hvort leyfa eigi tilraun með sleppingu fasana (karlfugla eingöngu) á jörðinni Heinabergi á Mýrum til skotveiða. Erindið kom upphaflega frá landbúnaðarráðuneytinu.

Að mati Náttúrufræðistofnunar Íslands er það á valdsviði umhverfissráðuneytis, ekki landbúnaðarráðuneytis, að leyfa sleppingar á innfluttum tegundum út í villta náttúru, sbr. bréf stofnunarinnar til umhverfissráðuneytis, dags. 18. nóvember 2003.

Náttúrufræðistofnun Íslands birti fyrr á þessu ári greinargerð um hugsanlega áhrif fasana á lífríki landsins (Ólafur K. Nielsen 2003. Lífshættir fasana. NÍ 03004). Þessi greinargerð var tekin saman samkvæmt beiðni Önnu Einarsdóttur og Skúla Magnússonar frá 8. janúar 2003. Tilefnið var umsögn Sérfræðinganeftdar um framandi lífverur frá 16. desember 2002 vegna umsóknar Önnu og Skúla til landbúnaðarráðuneytisins um að sleppa fasönum af báðum kynjum í íslenska náttúru.

Niðurstöður greinargerðarinnar voru í meginráttum eftirfarandi:

- Miðað við reynslu frá nálægum löndum má telja öruggt að fasanaleytingar munu reyna varp á Íslandi verði þeim sleppt (sjá neðanmálgrein nr. 1).
- Ólíklegt er að fasanar geti myndað sjálfbæra villta stofna hér á landi.
- Lítlar líkur eru á því að fasanar muni dreifast í nokkru magni um landið út frá sleppistöðum.
- Suðurland er líklegasta svæðið þar sem fasanar gætu hjarad hér á landi, t.d. þar sem kornakrar eru í bland við bithaga ásamt með limgerðum og trjálundum (sjá neðanmálgrein nr. 2).
- Ólíklegt er að fasanar hér muni keppa við rjúpu um fæðu og rými en þeir gætu borið sjúkdóma og sníkjudýr í íslenska náttúru, m.a. úr hænum (sjá neðanmálgrein nr. 3).
- Samkvæmt alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að gilda ströng skilyrði við innflutning og sleppingar á dýrum út í villta náttúru (sjá neðanmálgrein nr. 4).

Enn fremur er það reynsla nágrannaþjóða, sem leyft hafa slíkar sleppingar í atvinnuskyni, að eftirspurn magnist hratt og fljótlega geti fuglarnir skipt þúsundum, ef ekki tugum þúsunda, og farið að setja verulegt annarlegt yfirbragð á náttúru viðkomandi svæða. Því meira sem lagt verður undir í þessum efnum þeim mun erfiðara verður að draga í land beri eitthvað útaf. Í bréfi Dr. Dick Potts fyrrum forstjóra *Game Conservancy Trust* á Bretlandseyjum og núverandi forseta *The World Pheasant Association* til Náttúrufræðistofnunar Íslands, dagsett 3. febrúar 2003, segir eftirfarandi um fasanasleppingar: „...Það er auðvelt að réttlæta fasanasleppingar með skírskotun til þess að starfssemin sé atvinnuskapandi, styrki innviði samfélagsins í hinum dreifðu byggðum, o.s.frv. Stóra vandamálið er að þegar til kastanna kemur fara hlutirnir úr böndunum og sífellt fleiri fuglar eru ræktaðir til sleppinga til að auka hagnað. Samtökin *The World Pheasant Association* hafa ítrekað þurft að berjast gegn flutningi veiðifugla á svæði utan sinna náttúrulegu heimkynna. Þetta er grundvallarstefna samtakanna.

Ástæðan er að slíkir flutningar grafa undan náttúrulegu yfirbragði samfélaga dýra og plantna og í besta falli verður árangurinn ónáttúruleg flatneskja.“

Náttúrufræðistofnun Íslands mælir því gegn þessari tilraun á þeim forsendum að ekki beri að leyfa stórfelldar fasanasleyppingar hér á landi. Stofnunin leggur einkum áherslu á að fasanar geti opnað sýkingarleið fyrir margvísleg snýkjudýr úr hænum yfir í villta fugla (sbr. neðanmálgrein nr. 3) og að um sé að ræða framandi tegund í íslenskri náttúru sem ströng alþjóðleg náttúruverndarákvæði ná yfir (sbr. neðanmálgrein nr. 4).

Virðingarfyllst,

Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri

1. Miðað við forsendur í erindi Umhverfisstofnunar, þ.e. að einungis hönum verði sleppt, er ekki ástæða að óttast varptilraunir.
2. Í þessu sambandi má minna á að búast má við hlýnandi veðurfari á næstu áratugum og aukinni uppskeru ræktaðs og villts gróðurs.
3. Fasani og hæna eru náskyldar tegundir og deila saman mörgum tegundum sníkjudýra og sóttkveikja. Með stórfelldum sleppingum fasana væri mögulega verið að opna greiða sýkingarleið út úr hænsnabúum og út í íslenska náttúru – leið fyrir sníkjudýr eins og *Heterakis gallinarum*, *Cryptosporidium* sp., *Eimeria necatrix*, *Eimeria tenella*, *Histomonas meleagridis*, *Ascaridia galli*, *Capillaria* sp. – allt tegundir sem þekkjast í hænsnum hér á landi og gætu reynst rjúpunni mjög skeinuhættar.
4. Skv. viðauka við 11. grein Bernarsamningsins (Convention on the conservation of European wildlife and natural habitats) skuldbinda aðildarlönd sig til að hafa fulla stjórn á innflutningi framandi lífvera („to strictly control the introduction of non-native species“). Í 8. grein samningsins um líffræðilega fjölbreytni (Convention on Biological Diversity) segir í lið (h) að aðildarþjóðirnar skuldbindi sig til að koma í veg fyrir innflutning, hafa stjórn á eða útrýma þeim framandi tegundum sem ógna vistkerfum, búsvæðum eða tegundum („Prevent the introduction of, control or eradicate those alien species which threaten ecosystems, habitats or species“).



NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS